

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 270/2019

2023/EES/5/24

frá 31. október 2019

um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1756 frá 23. október 2019 um breytingu á V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 136/2004 að því er varðar að færa Sameinaða konungsríkið Stóra-Bretland og Norður-Írland á skrá yfir þriðju lönd þaðan sem leyfður er aðflutningur á sendingum af heyi og hálm til Sambandsins ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1758 frá 23. október 2019 um breytingu á III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1251/2008 að því er varðar að færa Sameinaða konungsríkið Stóra-Bretland og Norður-Írland og hjálendur krúnunnar á skrá yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði, svæði eða hól þaðan sem leyfður er aðflutningur á sendingum af lagareldisdýrum til Evrópusambandsins ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1773 frá 23. október 2019 um breytingu á viðaukanum við ákvörðun 2007/453/EB að því er varðar stöðu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands og hjálendna krúnunnar með tilliti til kúariðu ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1769 frá 23. október 2019 um breytingu á ákvörðun 2009/821/EB að því er varðar skrárnar yfir skoðunarstöðvar á landamærum og dýralæknaeiningar í Traces-tölvukerfinu ⁽⁴⁾.
- 5) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 6) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við 115. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 136/2004) í hluta 1.2:
„– **32019 R 1756:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1756 frá 23. október 2019 (Stjtið. ESB L 270, 24.10.2019, bls. 57).“
2. Eftirfarandi undirlið er bætt við 86. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1251/2008) í hluta 4.2:
„– **32019 R 1758:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1758 frá 23. október 2019 (Stjtið. ESB L 270, 24.10.2019, bls. 63).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 270, 24.10.2019, bls. 57.⁽²⁾ Stjtið. ESB L 270, 24.10.2019, bls. 63.⁽³⁾ Stjtið. ESB L 270, 24.10.2019, bls. 116.⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 270, 24.10.2019, bls. 103.

3. Eftirfarandi undirlið er bætt við 49. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/453/EB) í hluta 7.2:

„– **32019 D 1773**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1773 frá 23. október 2019 (Stjtíð. ESB L 270, 24.10.2019, bls. 116).“

4. Eftirfarandi undirlið er bætt við 39. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/821/EB) í hluta 1.2:

„– **32019 D 1769**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1769 frá 23. október 2019 (Stjtíð. ESB L 270, 24.10.2019, bls. 103).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2019/1756 og (ESB) 2019/1758 og framkvæmdarákvarðana (ESB) 2019/1773 og (ESB) 2019/1769, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 31. október 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 31. október 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gunnar Pálsson

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.